

---

## Minnisblað

Dagsetning: 4. nóvember 2022.

Höfundur: Guðrún Svala Gísladóttir, teymisstjóri ráðgjafateymis, fjölskyldusviði.

Viðtakandi: Félagsmálanefnd Árborgar

Málsnúmer: 2103104

**Efni: Minnisblað með tillögu að breytingum á 30. gr. reglna Sveitarfélagsins Árborgar um fjárhagaðstoð.**

---

Lagðar eru fyrir félagsmálanefnd Árborgar þann 8. nóvember 2022, tillögur að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð í Sveitarfélaginu Árborg, grein 30., er snýr að ábyrgðaryfirlýsingu/láns vegna húsaleigutryggingar. Allir starfsmenn fullorðinsteymis komu að gerð tillögunar í sameiningu og var horft til sambærilegra reglna stærstu sveitarfélaga landsins.

Tillagan er unnin fyrst og fremst út frá þeirri stöðu sem er í dag á húsnæðis- og leigumarkaði. Einnig út frá mikilvægi þess að íbúar sveitarfélagsins sem glíma við mjög erfiðar félagslegar aðstæður og njóta jafnvel mikils stuðnings frá velferðarþjónustu geti með aðstoð tryggt sér leiguhúsnæði þegar aðrar leiðir eru ekki færar.

Horfa þarf til þess að leiguverð hefur hækkað mjög undanfarin misseri. Umsóknir hafa aukist til muna þar sem fólk er í erfiðum húsnæðisaðstæðum en þarf að greiða húsaleigu sem er hærri en kr. 200.000,- á mánuði. Hámark ábyrgðaryfirlýsingar kr. 600.000,- er því úrelt viðmið þar sem flestir leigusalar fara fram á þriggja mánaða tryggingu.

Einnig sér teymisstjóri ástæðu til að starfsmenn geti skv. reglum lagt mat á mjög erfiðar félagslegar aðstæður og húsnæðisaðstæður sem eru ekki endilega bundnar við tekjuviðmið umsækjanda. Horfa þarf til heildaraðstæðna og meta umsóknir út frá því að viðkomandi geti ekki með öðrum leiðum tryggt sér leiguhúsnæði á almennum markaði.

Teymistjóri vill að lokum leggja til að félagsmálanefnd stuðli áfram að því að málaflokkur um félagslegt leiguhúsnæði í sveitarfélaginu taki sem fyrst jákvæðri þróun. Leggja þarf áherslu á að sá hópur íbúa sem fjárhagslega hefur ekki tók á að leigja á almennum markaði finni úrlausnir í sínum málum fyrr, sem og stuðla að því að sem flestir tekjuhópar geti leigt á almennum markaði. Þar þarf að horfa til áframhaldandi þróunar á bæði almennum og sérstökum húsnæðisstuðningi.

**Eftirfarandi er grein nr. 30 með þeim breytingum sem lagt er til (skáletrun á nýjum setningum):**  
**30. gr. Ábyrgðaryfirlýsing/lán til greiðslu tryggingar vegna húsaleigusamnings**

Heimilt er að veita einstaklingi, hjónum og sambúðaraðilum sem eru með samanlagðar skattskyldar tekjur sem samsvara kjarasamningsbundnum lágmarkslaunum eða lægri ábyrgðaryfirlýsingu/lán vegna tryggingar húsaleigusamnings. *Einnig er unnt að veita ábyrgðaryfirlýsingu/lán óháð tekjum umsækjanda þegar hann hefur glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði og að lán/ábyrgð sé að hámarki samsvarandi þriggja mánaða leigugreiðslu.*

Skila ber staðfestingu frá viðskiptabanka um að eiga ekki möguleika á fyrirgreiðslu. Skila þarf drögum að húsaleigusamningi fyrir afgreiðslu umsóknar og afriti þinglýsts húsaleigusamnings áður en samþykktar umsóknir eru afgreiddar. Ef veitt er lán skal það lagt inn á reikning leigusala þegar umsækjandi hefur undirritað lánsumboð. Gengið er frá samþykktari ábyrgðaryfirlýsingu þegar umsækjandi hefur veitt skriflegt samþykki samkvæmt ábyrgðarskilmálum.

*Aðstoð samkvæmt greininni skal einungis veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili. Ekki er aftur veitt lán/ ábyrgðaryfirlýsing skv. greininni til sama einstaklings fyrr en fyrra lán er greitt að fullu. Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá umsóknardegi.*